



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2023

Nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs voru afhent við hátíðlega athöfn í Árbæjarskóla mánudaginn 5. júní 2023. Var þetta í tuttugasta og fyrsta skipti sem verðlaunin voru afhent til nemenda í grunnskólum borgarinnar sem skara fram úr í námi og starfi. Alls bárust 22 tilnefningar að þessu sinni, frá grunnskólum í Reykjavík, um nemendur sem skara fram úr í námi, félagsfærni, virkni í félagsstarfi eða hafa sýnt frábæra frammistöðu á tilteknu sviði skólastarfs. Aldur þeirra nemenda sem tilnefndir voru í ár spannar árgangana frá 4. - 10. bekkjar grunnskólans sem sýnir að nemendur á öllum aldri geta skarað fram úr og verið góðar fyrirmyndir.

Hægt var að tilnefna til verðlaunanna fyrir:

- Góðan námsárangur, almennt eða í tiltekinni grein
- Góðar framfarir í námi, almennt eða í tiltekinni grein
- Virkni í félagsstarfi, að vera jákvæð fyrirmynd, sýna frumkvæði eða leiðtogaþæfileika
- Frábæra frammistöðu í íþróttum eða listum, s.s. skák, boltaíþróttum, sundi, frjálsum íþróttum, dansi, myndlist eða tónlist
- Listsköpun eða tjáningu í skólastarfi, s.s. í myndlist, tónlist, leiklist, handmennt, dansi eða upplestri
- Félagslega færni, samskiptahæfni og framlag til að bæta eða auðga bekkjaranda/skólaanda
- Nýsköpun eða hönnun, s.s. smíði, hannyrðir eða tæknimennt.

Sú hefð hefur skapast að veita verðlaunahöfum bókarverðlaun og hafa bækur sem hlotið hafa Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar það árið gjarnan orðið fyrir valinu. Bækur sem nemendur í 4. - 6. bekk fengu í ár eru *Kollhnís* eftir Arndísi Þórarinsdóttur en sú bók fékk Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2023 í flokki frumsamans efnis, Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna og ungmennabóka og Fjöruverðlaunin 2023. Nemendur í 7.–10. bekk fengu bókina *Drengurinn með ljáinn* eftir Ævar Þór Benediktsson sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda.



Eftirtaldir nemendur fengu nemendaverðlaun skóla- og frístundaráðs 2023:

Júlía Lóa Unnardóttir Einarsdóttir	10. bekk	Austurbæjarskóli
Ástrós Eva Einarsdóttir	9. bekk	Álftamýrarskóli
Páll Þór Sigurjónsson	7. bekk	Ártúnsskóli
Eygló Margrét Steinarsdóttir	7. bekk	Borgaskóli
Andrejs Macanovs	10. bekk	Breiðholtsskóli
Ella Rhayne Guevarra Tomarao	10. bekk	Fellaskóli
Emil Kári Jónsson	7. bekk	Fossvogsskóli
Þór Yershov	10. bekk	Hagaskóli
Alexandra Þórðardóttir	7. bekk	Hamraskóli
Hávar Daníel Davíðsson	10. bekk	Háteigsskóli
Höskuldur Tinni Einarsson	10. bekk	Hlíðaskóli
Helma Hilal Þórhallsdóttir Özcan	10. bekk	Hólabrekkuskóli
Mustafa Hussaini	7. bekk	Hvassaleitisskóli
Erik Valur Helgason	10. bekk	Klettaskóli
Soffía Arnarsdóttir	10. bekk	Landakotsskóli
Aron Mikael Vilmarsson	6. bekk	Laugarnesskóli
Oliver Leifsson Kaldal	10. bekk	Seljaskóli
Fróði Bryndísar og Höskuldsson	4. bekk	Skóli Ísaks Jónssonar
Sólrún Anna Fjalarsdóttir	10. bekk	Tjarnarskóli
Anh Ngoc Bui	9. bekk	Víkurskóli
Maja Cornelia Cur	10. bekk	Vogaskóli
Bernhard Kristján Owuwu Darkoh	10. bekk	Ölduselsskóli